

Gríðarleg verðmæti liggja í sorpi


Ítalska fyrirtækið Promeco framleiðir vélar og búnað til meðhöndlunar og endurvinnslu á sorpi þannig að úr verði tilbúin markaðsvara. Slíkar endurvinnslustöðvar eru nú starfræktar víða.

Eftir Mariu Ólafsdóttur
maria@24stundir.is

Mismunandi vélar eru tengdar saman eftir þörfum við endurvinnsluna og taka þær við flestu venjulegu sorpi þótt stórir hlutir séu undanskildir. Vélarnar flokka sorpið þannig að forflokkun á heimilum er óþörf en á sérstöku færbandi er kippt út batteríum og öðru sem er óendurvinnanlegt. Lífrænn úrgangur framleiðir metanól sem safnað er saman í tanka en pappír og plast er tætt niður og kemur út sem svokallaðar brikkettur sem eru tilbúnar fyrir pappírs- og plastverksmiðjur að vinna úr. Þá er ál einnig sorterað frá málmi og tætt niður.

Forsvarsmenn Promeco hafa þegar komið hingað til lands og

SORPENDURVINNSLAN



- Hér má sjá fyrsta stig framleiðslunnar þar sem sorpinu er keyrt inn og það tætt niður.
- Því næst er ál flokkað frá málmi.
- Sorpið heldur síðan áfram sina leið í ferli sem loks skilar af sér tilbúnum afurðum.

kynnt kosti slíkra verksmiðja fyrir yfirvöldum. „Slík verksmiðja er framtíðarlausn sem getur komið í stað hinna hefðbundnu sorphauga.

Eitt það mikilvægasta við starfssema er að af henni stafar engin mengun, urðun né brennsla sem verður bönnuð í framtíðinni. Forsvarsmenn Promeco eru í samstarfi við franska fyrirtækið Ecosur sem einnig hefur kynnt starfsemi sina hér á landi og eru þeir tilbúnir til að kaupa þann kolefniskvóta sem myndi skapast af slíkum rekstri. Íslendingar eru ekki enn

komnið á kolefnismarkaðinn en það líður að því að svo verði,“ segir Árni Björn Guðjónsson, umboðsmáður Promeco á Íslandi.

Stórkostlegur iðnaður

Slíkar verksmiðjur eru þegar í fullum rekstri á Ítalíu og í Japan svo einhverjir staðir séu nefndir. Árni Björn segir það skapa stórkostlegan iðnað að vinna úr sorpi og margir verkfræðingar segja að í því liggi gríðarleg verðmæti.

„Einkafyrirtæki sem vinna úr sorpi hafa vaxið gríðarlega síðastliðin ár og vilja vinna umhverfisvænt en ég hef ekki kynnt neinu jafn umhverfisvænu og þessu. Hægt er að fá frá 30.000 tonna upp í 100.000 tonna verksmiðjur og er kostnáðurinn við slíka verksmiðju um 2,5 milljarðar. En spænska fjárfestingarfyrirtækið Valcapital hefur þegar átt í viðræðum við forsvarsmenn Promeco. Eins og stendur tilkast að bjóða sorpvinnslu út til fjögurra ára. Slíkt myndi ekki tryggja rekstraröryggi fyrir svona verksmiðju þannig að það þyrfti mikla samninga og breytt viðhorf áður en slíkt kæmi til,“ segir Árni Björn. Nánari upplýsingar má finna á www.promeco.it.

Endurvinnsla og sala kolefna

Þegar kynnt hér á landi

Ítalska fyrirtækið Promeco starfar á svíði umhverfismála og kemur meðal annars að hönnun og byggingu sorpendurvinnslustöðva. Þeim er ætlað að endurvinna almennt sorp svo og pappír og pappakassa, plast og náttúrulegan úrgang svo eitthvað sé nefnt og með sílkri vinnslu má framleiða

annars konar orkugjafa en þá sem nú eru algengastir. Forsvars-menn fyrirtækisins hafa þegar kynnt slikar lausnir hér á landi.

A kolefnismarkaði

Franska fyrirtækið Ecosur er leiðandi á sinu svíði í Frakklandi og sérhæfir sig í ráðgjöf og vinnslu á kolefnismörkuðum viða um heim. Starfsfólk aðstoðar viðskiptavini við að koma af stað sölu á kol-



Ruslið þarf ekki að fara út í sjó heldur má nýta það.

efnum og finna uppsprettu þeirra.

Ensk tilraun

Ýmsar leiðir eru til að hvetja fólk til að endurvinna. Árið 2006 ákváðu þrjú sveitarfélög í Bretlandi að taka þátt í tilraunaverkefni í endurvinnslu sorps þar sem Bretar höfðu verið mjög latir við að end-

urvinna. Var dreift nýjum sorptunnum í sveitarfélögum þemur með örflögum með upplýsingum um hús- eða íbúðar-eigandann. Síðan vigtuðu sorpbílarnir sorpið í tunnunum og þurfti hvert heimili að borga gjald eftir magni.

maria@24stundir.is